



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Ákvörðun nr. 22/2017**

**Heildsölugjaldskrá fyrir lúkningu símtala í  
einstökum farsímanetum**

**26. október 2017**



## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Forsendur ákvörðunar .....	4
2.1	Tilmæli framkvæmdastjórnar ESB og ESA varðandi lúkningarverð í farsímanetum og föstum netum.....	4
2.2	Ákvörðun PFS nr. 20/2015 .....	6
2.3	Fyrri ákvarðanir PFS um lúkningarverð á markaði 2 (markaður 7/2008) út frá verðsamanburði .....	7
3	Útreikningur á lúkningarverði.....	9
4	Niðurstaða PFS .....	12



# 1 Inngangur

Ákvörðun þessi byggir á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 20/2015, dags. 31. júlí 2015, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum. Samkvæmt tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)<sup>1</sup> frá 2016 um skilgreiningu á heildsölumörkuðum fjarskiptaþjónustu tilheyrir lúkning símtala í einstökum farsímanetum markaði 2.

Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 20/2015, skal árlega ákvarða gjaldskrá fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum með verðsamanburði. PFS hefur nú framkvæmt verðsamanburð til að ákvarða þessi verð fyrir árið 2018 (mál nr. 2017070084). PFS fylgdi sömu aðferðafræði við þennan verðsamanburð og viðhöfð var í síðasta verðsamanburði á þessum markaði. PFS notar niðurstöðu verðsamanburðarins til að ákvarða heildsöluverð hér á landi fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum frá 1. janúar til 31. desember 2018.

PFS efndi til innanlandssamráðs um frumdrög að þessari ákvörðun þann 10. ágúst 2017 og lauk því þann 31. ágúst sl. Engar athugasemdir bárust stofnuninni í samráðinu.

Drög að ákvörðuninni, var send til ESA og annarra eftirlitsstofnana á EES-svæðinu til samráðs þann 26. september sl., sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og 7. gr. rammatilskipunar ESB. Samráðinu lauk þann 25. október sl. og hefur PFS mótttekið álit ESA sem fylgir með í viðauka II við ákvörðun þessa. ESA gerði engar athugasemdir við ákvörðunardrögin.

Í eftirfarandi köflum er farið nánar yfir lagaforsendur, aðferðafræði og útreikninga sem leiddu til niðurstöðu PFS.

---

<sup>1</sup> EFTA Surveillance Authority Recommendation of 11 May 2016 on relevant product and service markets within the electronic communications sector susceptible to *ex ante* regulation in accordance with the Act referred to at point 5cl of Annex XI to the EEA Agreement (*Directive 2002/21/EC of the European Parliament and of the Council on a common regulatory framework for electronic communication networks and services*).

## 2 Forsendur ákvörðunar

PFS byggir ákvörðun sína á fjarskiptalögum, fyrri ákvörðunum stofnunarinnar og tilmælum framkvæmdastjórnar ESB og ESA um afskipti fjarskiptaeftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum frá 13. apríl 2011<sup>2</sup>.

Samkvæmt 4. mgr. 32. gr. fjarskiptalaga getur PFS við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst hagkvæmt rekin, tekið mið af gjaldskrám á sambærilegum samkeppnismörkuðum og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum fjarskiptafyrirtækisins.

Í 12. tl. tilmæla framkvæmdastjórnar ESB og ESA um afskipti fjarskiptaftirlitsstofnana af lúkningarverðum er heimild fyrir eftirlitsstofnanir eins og PFS að beita verðsamanburði til að ákvarða lúkningarverð, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Í ákvörðun PFS nr. 20/2015 er kveðið á um að PFS skuli árlega taka ákvörðun um hámarks lúkningarverð íslenskra fjarskiptafyrirtækja, í kjölfar verðsamanburðar við EES-ríki samkvæmt nánar tiltekinni aðferðarfræði, eigi síðar en 1. nóvember ár hvert sem gilda skulu frá og með 1. janúar árið eftir.

Nánar er fjallað um þær forsendur sem liggja að baki ákvörðun þessari í eftirfarandi undirköflum.

### 2.1 Tilmæli framkvæmdastjórnar ESB og ESA varðandi lúkningarverð í farsímanetum og föstum netum

Framkvæmdastjórn ESB gaf út tilmæli varðandi afskipti eftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum í maí 2009<sup>3</sup>. Framkvæmdastjórnin taldi kvaðir varðandi lúkningarverð ekki vera nægilega einsleitar í aðildarríkjum sambandsins og ákvað því að gefa út tilmæli sem stuðla ættu að samræmingu. ESA gaf út sambærileg tilmæli þann 13. apríl 2011.

Meginreglan samkvæmt tilmælunum er að eftirlitsstofnanir eigi að kveða á um lúningargjöld sem taka mið af kostnaði við lúkningu símtala í farsímanetum og föstum netum sem verður til í hagkvæmt hönnuðu fjarskiptaneti í samræmi við kostnaðarlíkan sem byggir á langtíma viðbótarkostnaðar (LRIC) aðferðinni<sup>4</sup>. Horft er til væntrar framtíðarþróunar á grundvelli núverandi kostnaðar og miðað er við hagkvæmustu tæknilegu lausnir, s.s. næstu kynslóðar net

---

<sup>2</sup> EFTA Surveillance Authority Recommendation of 13 April 2011 on the Regulatory Treatment of Fixed and Mobile Termination Rates in the EFTA States.

<sup>3</sup> COMMISSION RECOMMENDATION of 7.5.2009 on the Regulatory Treatment of Fixed and Mobile Termination Rates in the EU.

<sup>4</sup> Langtíma viðbótarkostnaður (e. Long-run incremental cost), þ.e. kostnaður sem bætist við eða sparast við það að tiltekin þjónusta eða starfsemi bætist við eða leggst af á þeim forsendum að allur kostnaður er breytilegur.



(NGN). Um er að ræða hreint (e. pure) gangverðs bottom-up<sup>5</sup> LRIC kostnaðarlíkan, svokallað hreint BU-LRIC.

Viðeigandi viðbótarþjónusta (e. increment) í hreinu BU-LRIC líkani er lúkning símtala í heildsölu. Viðeigandi viðbótarkostnaður eða umflýjanlegur kostnaður (e. avoidable costs) vegna heildsöluþjónustu fyrir lúkningu símtala er mismunur milli heildarkostnaðar netrekanda sem veitir fulla heildsöluþjónustu og heildarkostnaðar sama netrekanda án lúkningar heildsöluþjónustu til þriðja aðila. Með öðrum orðum, eingöngu er reiknaður sá kostnaður vegna lúkningar sem fellur niður ef viðkomandi þjónustu er hætt.

Samkvæmt framangreindum tilmælum ESA var fjarskiptaeftirlitsstofnunum veittur almennur aðlögunarfrestur til 31. desember 2012 til að undirbúa og innleiða hreint LRIC kostnaðarlíkan.

Fjarskiptaeftirlitsstofnunum sem búa við takmörkuð aðföng (e. less well-resourced regulators) var skv. 12. gr. tilmælanna veittur lengri aðlögunarfrestur eða til 1. júlí 2014. Þá er tilgreint í þessari grein að ef það bryti gegn meðalhófsreglu að þvinga fjarskiptaeftirlitsstofnun með takmörkuð aðföng til að beita þeirri aðferð sem mælt er með í tilmælunum eftir 1. júlí 2014 geta slíkar stofnanir haldið áfram að beita annarri aðferðafræði þar til tilmælin verði endurskoðuð, nema BEREC<sup>6</sup> aðstoðaði það faglega og/eða fjárhagslega við að beita tilgreindri aðferð. Endurskoðun á tilmælunum hafa nú staðið yfir í nokkurn tíma en hvorki framkvæmdastjórn ESB né ESA hafa gefið út ný tilmæli varðandi lúkningarverð né hefur fjarskiptaregluverkinu hér á landi verið breytt hvað þetta varðar.

PFS telst til þeirra fjarskiptaeftirlitsstofnana sem búa við takmörkuð aðföng. Slíkum stofnunum er heimilt að beita t.d. verðsamanburði í stað slíkrar kostnaðargreiningaraðferðar ef sýnt er fram á að sú aðferð skili útkomu sem samrýmist markmiðum tilmælanna. Útkoma úr annarri aðferð en hreinu BU-LRIC á ekki að vera hærri en meðalverð þeirra EES-ríkja sem beita hreinni BU-LRIC aðferð við útreikning lúkningargjalda í farsímanetum.

Samkvæmt þessu er ljóst að framkvæmdastjórnin og ESA leggja til að þegar verðsamanburði er beitt þá sé eingöngu notuð lúkningarverð sem byggja á hreinu BU-LRIC líkani í verðsamanburðinn.

Í samræmi við ofangreint tekur PFS eingöngu mið af samanburðarlöndum þar sem lúkningarverðið hefur verið ákvarðað með hreinni BU-LRIC aðferðarfræði við ákvörðun lúkningarverða hér á landi.

---

<sup>5</sup> Talað er um „bottom-up“ líkan þegar um er að ræða útreikninga á kostnaði út frá verkfræðilegu líkani af fjarskiptaneti á viðkomandi fjarskiptamarkaði. Líkanið byggir á ímynduðu (e. hypothetical) netkerfi sem er hagkvæmt hannað og nýtir hagkvæmstu tæknilausnir sem í boði eru hverju sinni.

<sup>6</sup> Body of European Regulators for Electronic Communications.

## 2.2 Ákvörðun PFS nr. 20/2015

Hvað varðar framkvæmd verðsamanburðarins sem fjallað er um hér vísar PFS í ákvörðun stofnunarinnar nr. 20/2015, dags. 31. júlí 2015, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum. Ákvörðun nr. 20/2015 byggir á markaðsgreiningu sem stofnunin framkvæmdi. Heildsölumarkaður fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum er númer 2 samkvæmt tilmælum ESA<sup>7</sup> um skilgreiningu á heildsölumörkuðum fjarskiptaþjónustu en var áður númer 7 samkvæmt eldri skilgreiningu ESA frá 2008.

Í ákvörðuninni voru Síminn hf. (Síminn), Fjarskipti ehf. (Vodafone), Nova ehf. (Nova), IMC Ísland ehf. (IMC/Alterna) og 365 miðlar ehf. (365) útnefnd með umtalsverðan markaðsstyrk á eftirfarandi mörkuðum:

- Lúkning símtala í GSM/UMTS/LTE farsímaneti Símans
- Lúkning símtala í GSM/UMTS/LTE farsímaneti Vodafone
- Lúkning símtala í UMTS/LTE farsímaneti Nova
- Lúkning símtala í GSM farsímaneti IMC/Alterna
- Lúkning símtala í sýndarfarsímaneti 365

Á öll fyrirtækin voru lagðar kvaðir um aðgang, jafnræði og eftirlit með gjaldskrá. Kvöðin um eftirlit með gjaldskrá byggir á 32. gr. fjarskiptalaga.

Í ofangreindri ákvörðun kom fram að í ákvörðun PFS nr. 3/2012<sup>8</sup> hafi verið horfið frá því að ákvarða lúkningarverð íslenskra farsímafyrirtækja með stoð í kostnaðargreindum verðum Símans (sem byggð voru á sögulegum kostnaði fyrirtækisins) en þess í stað mælt fyrir um verðsamanburð í samræmi við 12. gr. tilmæla ESA um afskipti fjarskiptaeftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum frá 13. apríl 2011.

Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 20/2015 skulu lúkningarverð hér á landi áfram ákvarðast með verðsamanburði. Að mati PFS hefur skapast fyrirsjáanlegt verklag við ákvörðun lúkningarverða með þeirri aðferðarfræði sem skapar fjarskiptafyrirtækjum stöðugra og fyrirsjáanlegra rekstrarumhverfi. Verðsamanburðurinn hefur sömuleiðis reynst hagkvæm og skilvirk leið til að ná fram þeim markmiðum um lúkningarverð sem sett eru fram í framangreindum tilmælum ESA.

---

<sup>7</sup> EFTA Surveillance Authority Recommendation of 11 May 2016 on relevant product and service markets within the electronic communications sector susceptible to *ex ante* regulation in accordance with the Act referred to at point 5c1 of Annex XI to the EEA Agreement (*Directive 2002/21/EC of the European Parliament and of the Council on a common regulatory framework for electronic communication networks and services*).

<sup>8</sup> Ákvörðun nr. 3/2012 um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 7).



PFS skal árlega ljúka verðsamanburði með ákvörðun, í kjölfar innanlandssamráðs og samráðs við ESA, eigi síðar en 1. nóvember ár hvert.

PFS skal leggja eftirfarandi meginforsendur til grundvallar við útreikning á lúkningarverðum þegar verðsamanburði er beitt:

- Miða skal við þau EES-ríki þar sem lúkningarverð markaðsráðandi fyrirtækja á viðkomandi markaði lýtur gjaldskráeftirliti fjarskiptaeftirlitsstofnunar viðkomandi ríkis á grundvelli kostnaðargreininga sem byggja á hreinu BU-LRIC líkani.
- Samanburður á verðum miðast við niðurstöðu um lúkningarverð samkvæmt útreikningum sem byggja á hreinu BU-LRIC líkani sem liggja fyrir í apríl á því ári sem verðsamanburður fer fram hverju sinni. Við gerð verðsamanburðarins skal miða við að fyrir liggi formleg ákvörðun hjá viðkomandi eftirlitsstofnun.
- Miða skal við að ákvarðað verð sé ekki hærra en einfalt meðaltal þeirra ríkja sem uppfylla ofangreind skilyrði.

Ofangreind framkvæmd er í samræmi við þá framkvæmd sem PFS hefur viðhaft undanfarin ár við ákvörðun lúkningarverða með verðsamanburði á þessum markaði.

PFS skal því framkvæma verðsamanburð á árinu 2017, sem ljúka skal með ákvörðun eigi síðar en 1. nóvember nk., sem gilda skal sem hámarks lúkningarverð á árinu 2018. Um er að ræða hámarks heildsöluverð á mínútu án virðisaukaskatts og geta einstök farsímafyrirtæki því boðið lægri lúkningarverð kjósi þau svo, en þau þurfa að sjálfsgöðu að gæta að jafnræðiskvöðinni og er ekki heimilt að mismuna á milli fyrirtækja á óhlutlægum forsendum.

### **2.3 Fyrri ákvarðanir PFS um lúkningarverð á markaði 2 (markaður 7/2008) út frá verðsamanburði**

Í ákvörðun PFS nr. 3/2012, frá 13. janúar 2012, var horfið frá því að ákvarða lúkningarverð íslenskra farsímafyrirtækja með stoð í kostnaðargreindum verðum Símans (sem byggð voru á sögulegum kostnaði) en þess í stað mælt fyrir um verðsamanburð í samræmi við 12. gr. tilmæla ESA um afskipti fjarskiptaeftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum frá 13. apríl 2011. Þessari breytingu á aðferðarfræði við ákvörðun lúkningarverðs var ekki skotið til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála né dómstóla.

Í kjölfarið framkvæmdi PFS verðsamanburð á árunum 2012 til 2016 til að ákvarða verð fyrir lúkningu símtala í farsímanetum. Niðurstöður verðsamanburðanna voru birtar í ákvörðunum PFS, nú síðast í ákvörðun PFS nr. 14/2016, dags. 17. október 2016, um heildsölugjaldskrá fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum.



Við framkvæmd þessara verðsamanburða hefur PFS tekið tillit til framangreindra tilmæla ESA varðandi afskipti eftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum. PFS valdi samanburðarlöndin í samræmi við 12. gr. umræddra tilmæla ESA. Nú í apríl á þessu ári höfðu eftirlitsstofnanir í 23 ríkjum tekið ákvörðun um lúkningarverð í farsímanetum sem byggja á hreinu BU-LRIC líkani í samræmi við tilmælin.

Í ákvörðun PFS nr. 14/2016 var það niðurstaða PFS að heildsölugjald fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum á Íslandi skyldi vera 1,23 kr./mín. fyrir tímabilið 1. janúar 2017 til 31. desember 2017.

Í ákvörðun þessari sem hér eru til umfjöllunar er fjallað um verð sem gilda skulu á árinu 2018.



### 3 Útreikningur á lúkningarverði

Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 20/2015, dags. 31. júlí 2015, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum, hefur PFS nú tekið saman lúkningarverð á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum EES-ríkja til að nota í verðsamanburð. Við gagnaöflum styðst PFS við upplýsingar úr CIRCABC gagnasafni Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, ECom gagnasafni ESA, skýrslum frá Cullen International og verðsamanburði BEREC<sup>9</sup> sem og upplýsingar sem birtar eru á heimasíðu viðkomandi fjarskiptaeftirlitsstofnana.

PFS fylgir sömu aðferðafræði við þennan verðsamanburð og gert var í síðasta verðsamanburði. Ákvörðun PFS nr. 14/2016, dags. 17. október 2016, um heildsölugjaldskrá fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum, var ekki skotið til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála né dómstóla.

Við val á samanburðarlöndum miðar PFS við fjarskiptamarkaði á EES-svæðinu, en um er að ræða 31 ríki að Íslandi meðtöldu.

Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 20/2015 voru eftirfarandi meginforsendur lagðar til grundvallar við útreikning á lúkningarverðum:

- Miðað var við þau EES-ríki þar sem lúkningarverð markaðsráðandi fyrirtækja á viðkomandi markaði lýtur gjaldskráreftirliti fjarskiptaeftirlitsstofnunar viðkomandi ríkis á grundvelli kostnaðargreininga þar sem beitt er hreinni BU-LRIC aðferð.
- Miðað var við niðurstöður um lúkningarverð samkvæmt útreikningum byggðum á hreinu BU-LRIC líkani sem lágu fyrir í apríl 2017. Við gerð verðsamanburðarins var miðað við að fyrir lægi formleg ákvörðun hjá viðkomandi eftirlitsstofnun á þessum tíma.
- Við ákvörðun lúkningarverðs hér á landi var reiknað hreint meðaltal lúkningarverða sem uppfylla ofangreind skilyrði.

Niðurstaðan er mínútuverð fyrir lúkningu símtals án tengigjalds eða sundurgreiningar í dag-, nætur- eða helgartaxta.

Við útreikninga á lúkningarverðum er miðað við meðalgengi viðkomandi gjaldmiðils í íslenskum krónum á öðrum ársfjórðungi 2017<sup>10</sup>. PFS styðst í þessu efni m.a. við framkvæmd BEREC um gengisviðmið í reglubundnum samanburðum á lúkningarverðum<sup>11</sup>.

---

<sup>9</sup> „Termination rates at European level“ January 2017, BoR (17) 101.

<sup>10</sup> Miðgengi Seðlabanka Íslands, sjá viðauka I.

<sup>11</sup> Sbr. BEREC BoR (11) 35 MTR Benchmark snapshot (as of July 2011).



Verðsamanburður PFS miðast við þær upplýsingar sem lágu fyrir í apríl 2017.

Í því ljósi að verið er að ákvarða verð sem gilda munu á árinu 2018 skoðaði PFS hvort fyrir lægi verð fyrir lúkningu símtala sem gilda munu á því ári. Þetta er í samræmi við framkvæmd PFS í ákvörðun stofnunarinnar nr. 14/2016. Að mati PFS ber þó eingöngu að miða við endanleg verð og ekki taka inn í verðsamanburðinn þau verð sem eftir er að uppfæra miðað við verðbólgu eða aðra þætti.

PFS miðar því við niðurstöðu um verð fyrir lúkningu símtala sem gilda eiga á árinu 2018 þegar það liggur fyrir, en að öðru leyti er miðað við verð sem taka gildi á árinu 2017 eða voru í gildi í apríl 2017.

Á þeim tíma sem verðsamanburður PFS fór fram hafði viðkomandi eftirlitsstofnun í 23 EES ríkjum tekið ákvörðun um lúkningarverð í farsímanetum sem byggja á hreinu BU-LRIC líkani. PFS hyggst því nota lúkningarverðin sem þessar stofnanir hafa ákvarðað sem grundvöll fyrir ákvörðun á lúkningarverði hér á landi í samræmi við það sem PFS kvað á um í framangreindri ákvörðun PFS nr. 20/2015.

Í töflu 3.1 eru þessi 23 ríki tilgreind ásamt samsvarandi lúkningarverðum í íslenskum krónum samkvæmt hreinu BU-LRIC líkani.

**Tafla 3.1 Yfirlit yfir þau lönd sem notuð eru í verðsamanburðinum**

<i>Ríki</i>	<i>Lúkning 2017</i>	<i>Lúkning 2018</i>	<i>Samanburðarverð</i>
	<i>kr./mínútu</i>	<i>kr./mínútu</i>	<i>kr./mínútu</i>
AT Austurríki	0,93		0,93
BE Belgía	1,36		1,36
UK Bretland	0,66		0,66
BG Búlgarí	0,82		0,82
DK Danmörk	0,73		0,73
FR Frakkland	0,85		0,85
GR Grikkland	1,23		1,23
IE Írland	0,94	0,91	0,91
IT Ítalía	1,13		1,13
HR Króatía	0,73		0,73
LU Lúxemborg	1,02		1,02
MT Malta	0,47		0,47
NO Noregur	0,80		0,80
PT Portúgal	0,86		0,86
PL Pólland	1,17		1,17
RO Rúmenía	1,10		1,10
SK Slóvakía	1,41		1,41
SI Slóvenía	1,31		1,31
ES Spánn	1,25		1,25
SE Svíþjóð	0,76	0,73	0,73
CZ Tékkland	1,07		1,07
HU Ungverjaland	0,64		0,64
DE Þýskaland	1,23	1,10	1,10
<b>Meðaltal</b>	<b>0,98</b>		<b>0,97</b>

Í töflunni hér að ofan eru samanburðarverðin sem PFS miðar við tilgreind í síðasta dálkinum, tekið hefur verið tillit til verða sem gilda munu á árinu 2018, þar sem það liggur fyrir. Við ákvörðun á verði fyrir lúkningu símtala í farsímanetum á Íslandi notar PFS hreint meðaltal ofangreindra lúkningarverða. Meðaltalið er 0,97 kr./mín, sem svarar til 0,84 €sent.

Eitt ríki hefur bæst í hóp samanburðarlanda frá fyrri samanburði, þ.e. Þýskaland.

Auk þeirra 23 ríkja sem hafa tekið ákvörðun um lúkningarverð í farsímanetum sem byggja á hreinu BU-LRIC líkani hafa 4 ríki ákvarðað lúkningarverð út frá samanburði við þau lúkningarverð sem byggja á hreinu BU-LRIC líkani. Samtals eru það því 27 ríki, auk Íslands, sem hafa ákveðið að framfylgja tilmælum framkvæmdarstjórnar ESB og ESA.

## 4 Niðurstaða PFS

Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 20/2015 eru lúkningarverð símtala í einstökum farsímanetum ákvörðuð út frá niðurstöðu verðsamanburðarins sem stofnunin hefur framkvæmt og lýst er hér að framan.

Með verðsamanburðinum fæst meðalmínútuverð þeirra ríkja sem samanburðurinn nær til. PFS notar niðurstöðu verðsamanburðarins til að ákvarða mínútuverð fyrir lúkningu símtala í farsímanetum án tengigjalds.

Í samræmi við niðurstöðuna úr framangreindum verðsamanburði er það niðurstaða PFS að heildsölugjald fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum á Íslandi skuli vera **0,97 kr./mín.** fyrir tímabilið 1. janúar 2018 til 31. desember 2018. Um er að ræða hámarks heildsöluverð á mínútu án virðisaukaskatts. Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 20/2015 eiga gjöldin að vera þau sömu hjá öllum fyrirtækjunum. Núverandi lúkningarverð, 1,23 kr./mín., munu gilda áfram óbreytt út árið 2017.

Í eftirfarandi töflu má sjá ný lúkningarverð í farsímanetum fjarskiptafyrirtækja í samanburði við núgildandi verð:

**Tafla 4.1 Lúkningarverð í farsímanetum fjarskiptafyrirtækja**

Fyrirtæki	Eining	Verð	
		til 31. des 2017	1. jan. - 31. des. 2018
Síminn	kr./mín.	1,23	0,97
Vodafone	kr./mín.	1,23	0,97
Nova	kr./mín.	1,23	0,97
IMC/Alterna	kr./mín.	1,23	0,97
365	kr./mín.	1,23	0,97

**Heimild:** Póst og fjarskiptastofnun

Um er að ræða um 21% lækkun á lúkningargjöldum milli ára. Ástæða lækkunarinnar er sambland af lækkun lúkningarverða í viðmiðunarlöndunum og gengisbreytingum.

Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 20/2015 mun stofnunin endurskoða ofangreint lúkningarverð árlega til samræmis við niðurstöðu verðsamanburðar PFS, sem lokið skal með ákvörðun fyrir 1. nóvember ár hvert, svo lengi sem verðkvöð á umræddum markaði kveður á um slíka aðferðafræði. Slíkt verður gert án þess að PFS þurfi að framkvæma nýja markaðsgreiningu á viðkomandi markaði þar sem aðeins er um að ræða tæknilega útfærslu á tiltekinni kvöð. Slík breyting kallar þó á innanlandssamráð og samráð við ESA áður en endanleg ákvörðun um breytingu á verði er tekin. PFS hyggst hefja greiningu á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum í þriðja ársfjórðungi 2018 og mun væntanlega birta ákvörðun byggða á greiningunni í öðrum ársfjórðungi 2019.



## Ákvörðunarorð

Í samræmi við verðsamanburð sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur framkvæmt skulu heildsölugjöld fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum, eins og þau eru tilgreind í ákvörðun PFS nr. 20/2015, vera 0,97 kr./mín. fyrir tímabilið 1. janúar 2018 til 31. desember 2018. Núverandi lúkningarverð, 1,23 kr. á mínútu, mun gilda áfram óbreytt til og með 31. desember 2017.

Um er að ræða hámarks heildsöluverð án virðisaukaskatts.

Ákvörðun þessi tekur gildi frá þeim degi sem hún er birt og verður í gildi þar til annað er ákveðið af Póst- og fjarskiptastofnun.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 26. október 2017

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Óskar Þórðarson

Viðauki I: Gengistafla.

Viðauki II: Álit ESA.